

Ráðhús Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra
Garðatorgi 7,
210 Garðabæ

Sent með tölvupósti á gunnar@gardabaer.is

Reykjavík, 3. júní 2021

Efni: Áskorun um að fara í útboð á viðhaldi, rekstri og LED-væðingu götulýsingar

Með bréfi þessu skora Samtök iðnaðarins á Garðabæ að bjóða hið fyrsta út viðhald, rekstur og LED-væðingu götulýsingar í sveitarfélaginu. Þann 19. maí sl. kvað kærnefnd útboðsmála upp úrskurð í mál nr. 17/2020 Samtök iðnaðarins gegn Reykjavíkurborg og Orku náttúrunnar ohf. þar sem kærnefnd lagði fyrir Reykjavíkurborg að bjóða út þjónustu við útskiptingu og uppsetningu LED-lampa í Reykjavík. Einnig má ráða af rökstuðningi kærnefndar að rekstur og viðhald götulýsingar teljist til útboðsskyldrar þjónustu í skilningi laga um opinber innkaup, nr. 120/2016. Þess ber að geta að Reykjavíkurborg var gert að greiða 2.000.000 kr. í stjórnvaldssekt sökum brots á útboðsskyldu sinni. Úrskurðurinn fylgir erindi þessu.

Samtökin telja að úrskurður þessi hafi breiða skírskotun og sé fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög sem ber, með sama hætti og Reykjavíkurborg, að bjóða út innkaup á umræddri þjónustu. Samtökin telja jafnframt brýnt að brugðist sé hratt við úrskurði nefndarinnar og hafist sé strax handa við útboð. Hagsmunir bjóðenda eru miklir.

Þann 17. febrúar 2020 óskuðu Samtök iðnaðarins eftir upplýsingum frá Garðabæ um málefni tengd viðhaldi og endurnýjun götulýsingar í Garðabæ. Samkvæmt svari Garðabæjar þann 26. febrúar 2020 hefur Orka Náttúrunnar umsjón og eftirlit með viðhaldi götulýsingar í norðurhluta bæjarins og HS Veitur í suðurhluta bæjarins. Ekki hafi verið gerður þjónustusamningur um umrædda þjónustu. Jafnframt kom fram að bærinn stefni að því, þegar liggur fyrir tímasett framkvæmdaáætlun vegna endurnýjunar á götulýsingu, að láta fara fram útboð vegna rekstrar og viðhalds götulýsingar.

Samtök iðnaðarins óska eftir afstöðu Garðabæjar til framangreindrar áskorunar og upplýsinga um hvenær útboðs á viðhaldi, rekstri og LED-væðingu götulýsingar í sveitarfélaginu sé að vænta. Samtökin ítreka að málið hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir bjóðendur og því brýnt að það tefjist ekki lengur innan stjórnsýslunnar.

Virðingarfyllst,


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs